

Alþingi
Erindi nr. P 131/1826
komudagur 3.5.2005



Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. maí 2005
Tilvísun: 2005040088/90.12; lagafrumvörp; reglur
SE/BH
25.04.2005


Efni: Frumvarp til laga um fjarskipti, 738. mál, og tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum 2005-2010, 746. mál.

Með bréfi dags. 25.04. 2005 var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um tvö þingmál. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003, 738. mál. Hins vegar er tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum fyrir árin 2005-2010, 746. mál.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjarskipti nr. 81/2003.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu í fjarskiptamálum var samin af stýrihópi sem samgönguráðherra skipaði í ársbyrjun 2004 til að vinna að gerð fjarskiptaáætlunar. Stýrihópurinn hafði samráðshóp skipaðan fulltrúum hagsmunaaðila, stofnana, sveitarfélaga o.fl. við samningu tillögunnar og átti Vegagerðin fulltrúa í þeim hópi. Vegagerðin telur að þau almennu markmið og aðgerðir sem að er stefnt á sviði fjarskiptamála með samþykkt tillögunnar séu til bóta og eru ekki gerðar athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri